

# Velkomin

## Saga hússins

Sæberg, skólinn á Eyrunum var byggður 1922 – 1923. Þar var rekinn barnaskóli fyrir Seyðisfjarðarhrepp allt til ársins 1960 að skólahaldi var hætt þegar byggðin lagðist af. Þar var líka bókasafn Seyðisfjarðarhrepps. Eftir að fólkið flutti burt hurfu húsin smám saman og að lokum voru aðeins uppistandandi skólinn og Hermes. Með tímanum létu þau á sjá og urðu fyrir miklum skemmdum. Þau stóðu að lokum opin fyrir veðri og vindum.

Brynjar Júlíusson sem á ættir að rekja í Hermes gerði það upp í kring um aldamótin. Sigurður Jónsson hafði keypti skólann af hreppnum árið 1985 og gert fokheldan. Þegar loks var lagt rafmagn á Eyrarnar haustið 2013 var hafist handa við að gera hann upp sem fristundahús.



### **Frítt internet**

Í húsinu er þráðlaust net WiFi. Það er opið og heitir „default“



### **Blátannar spilari PUNK (Bluetooth)**

Kveikið á honum með því að styðja á „ON“ hnappinn. Til að para við tæki: Haldið „Bluetooth“ hnappnum inni í tvær sekúndur og farið svo í tækið og tengið við spilarann.



### **Kamínan**

Setjið 1 – 2 íkveikjukubba sem eru í hólfinu undir kamínunni í ofninn og kveikið í þeim. Setjið svo 1 – 2 viðarkubba í ofninn ofan á þá. Ekki er ráðlegt að minnka loftflæðið og láta loga í henni eftir að farið er að sofa, heldur að hafa alveg opið fyrir loftið, (stilling á handfangi alveg til vinstri).



### **Innritun og Útritun**

Húsið er tilbúið kl. 15:00 til innritunar og útritun er kl. 12:00 á brottfarardegi. Við útritun biðjum við ykkur að læsa húsinu og setja lykla aftur í lyklabox.

Ef ykkur vantar einhverja aðstoð þá ekki hika við að hafa samband í síma: 897 7163. Óskum ykkur góðrar dvalar í gamla skólanum, Sæbergi.

**Benedikta**